



Salthleðslupróf

Saline suppression test

Salthleðslupróf er rannsókn sem gerð er til að leita að orsök háþrýstings sem sterkur grunur er um að sé vegna offramleiðslu á aldósteróni. Aldósterón er hormón sem er framleitt í nýrnahettum og hefur áhrif á salt- og vökvajafnvægi líkamans.

Rannsóknin felst í því að gefið er saltvatn í æð og tekin blóðsýni til að fylgjast með áhrifum þess á styrk aldósterons í blóði. Gert er ráð fyrir að rannsóknin taki 4-5 klukkustundir.

Daginn fyrir rannsókn

- Blóðsýni: Best er að mæta á rannsóknastofu Landspítala í Fossvogi eða á Hringbraut um morguninn milli kl. 08:00-09:00 til að fá tekið blóðsýni því þá er tryggt að niðurstöður liggi fyrir í tæka tíð.
- Fasta: Drekkja sem minnst eftir kvöldmat og fasta alveg á mat og drykk frá miðnætti og þar til rannsókn er lokið.

Rannsóknardagur

Mæting er á göngudeild innkirtlasjúkdóma á Eiríksgötu 5 um kl. 8:30, nema annað sé tekið fram. Láta þarf deildina vita ef forföll eða veikindi eru á rannsóknardegi með því að hringja sem fyrst í síma 543 1000.

- Gott er að hafa með sér afþreyingarefni eins og bók, tímarit eða eitthvað til að hlusta á meðan rannsókn stendur.
- Mælt er með hvíld og að liggja sem mest fyrir fram að rannsókn.
- Fyrir rannsóknina þarf að losa þvag.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur fræðir um rannsóknina og mögulega fylgikvilla hennar og óskar eftir upplýstu samþykki ef ekki hefur verið gengið frá því áður. Upplýst samþykki staðfestir að sjúklingur sem kemur til rannsóknar hafi fengið og skilið upplýsingar um hana og samþykki að hún verði gerð.

Framkvæmd rannsókna og eftirlit

Hjúkrunarfræðingur kemur æðalegg fyrir í olnbogabót og tekur blóðsýni. Því næst er saltvatn (NaCl 0,9%) gefið í æð í fjórar klukkustundir. Eftir það er aftur tekið blóðsýni.

Blóðþrýstingur er mældur fyrir og á meðan rannsókn stendur yfir.

- Reyna þarf að halda kyrru fyrir í sömu stöðu allan tímann til að draga úr áhrifum hreyfinga á blóðþrýsting og styrk aldósteróns í blóðsýnum.

Fylgikvillar

Fylgikvillar við þessa rannsókn eru sjaldgæfir. Hugsanlega kemur fram mar eða blæðing á stungustað og stungu fylgir alltaf minniháttar verkur eða óþægindi. Sjaldgæfur fylgikvilli er vökvaofhleðsla. Einkenni vökvaofhleðslu geta verið þyngdaraukning, bjúgur, mæði, höfuðverkur og hár blóðþrýstingur.

Áður en salthleðslupróf er framkvæmt er ástand hjarta og æðakerfis metið. Varasamt getur verið að framkvæma rannsóknina hjá fólki með háan blóðþrýsting, hjartabilun eða skerta nýrnastarfsemi.

Ef einkenni vökvaofhleðslu koma fram eftir að heim er komið þarf að hafa samband við innkirtladeild á virkum dögum kl. 08:00 – 16:00 en bráðamóttöku utan þess tíma.

Einkenni vökvaofhleðslu:

- Þyngdaraukning
- Bjúgur
- Mæði
- Höfuðverkur
- Hár blóðþrýstingur

Í neyðartilfellum er hringt í 112

Endurkomutími/símtal

Fyrir útskrift er bókaður tími fyrir endurkomu eða símatími hjá lækni til að fara yfir niðurstöður rannsóknarinnar.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir rannsóknina og blóðsýnin. Verðskrá er birt á landspitali.is með fyrirvara um breytingar á heimasíðu Landspítala.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.